

Sp.

82. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning á efni í skipasmíðastöð og fiskiskip.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að á þessu ári verði keypt og flutt til landsins efni í skipasmíðastöð og 40—50 fiskibáta úr eik. Auk þess efni í nokkra togara.

Skal skipaverkfræðingur sendur til Ameríku til þess að sjá um kaup efnis í skipin og skipasmíðastöðina, strax og samízt hefir um innflutninginn og öflun gjaldeyris.

Greinargerð.

Það er augljóst, að smíði báta og skipa til fiskveiða Íslendinga verður að fara fram algerlega hér á landi, meðan ófriðurinn varir, og eflaust er heppilegast, að svo verði einnig að ófriðnum loknum. Miklir örðugleikar eru á því að fá efni til skipabygginga, og skipasmíðastöð vantar einnig til byggingar hinna stærri fiskiskipa. Er þess naumast að vænta, að úr þessu verði bætt án atbeina ríkisstjórnarinnar.

Skiptapar hafa orðið mjög tíðir það sem af er þessu ári, bæði af orsökum óhagstæðrar veðráttu og styrjaldar þeirrar, er nú geisar. Því miður eru ríkar ástæður til að ætla, að Íslendingar eigi enn eftir erfiðustu árin. Og að sjálfsögðu ber Alþingi að gera allar þær ráðstafanir, sem í þess valdi eru, til þess að tryggja framtíðina. Verður það varla gert betur á annan hátt en þann, að tryggja viðhald og aukningu skipastóls landsmanna.